

Fundargerð

Fjarfundur var haldinn í stjórn Íslenskrar málnefndar mánudaginn 5. október 2020 og hófst hann kl. 17. Fundinn sátu Ármann Jakobsson formaður, Eva María Jónsdóttir varaformaður, Anna Sigríður Þráinsdóttir, Ásgrímur Angantýsson og Steinunn Stefánsdóttir. Ágústa Þorbergsdóttir frá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum ritaði fundargerð.

1. Íslensk málstefna

Samkvæmt þingsályktun frá 2019 um að efla íslensku sem opinbert mál á Íslandi á að endurskoða íslenska málstefnu, *Íslensku til alls*, til samræmis við breytta tíma og á ný málstefna að liggja fyrir í árslok 2020. Málstefnan var rædd á fundinum. Stjórn Íslenskrar málnefndar skiptir með sér verkum við gerð hennar og gert er ráð fyrir að komin verði drög í næsta mánuði.

2. Önnur mál

a. Málræktarþing

Málræktarþing var haldið í Safnahúsinu laugardaginn 26. september og fjallaði um viðhorf til íslensku. Málræktarþingið þótti takast vel. Haldin voru fjögur erindi á málræktarþinginu auk þess að kynnt var árleg ályktun um stöðu tungunnar. Viðurkenningar hlutu *Viaplay* fyrir frumkvæði í textun erlends efnis frá streymisveitu og útvarpsþátturinn *Nýjar raddir* fyrir frumkvöðlastarf í að leyfa röddum innflytjenda sem tala íslensku að heyrast.

b. Fundur með fulltrúum mennta- og menningarmálaráðuneytis

Ármann Jakobsson og Ágústa Þorbergsdóttir sátu fjarfund 1. október um málefni Íslenskrar málnefndar með Hildi Jörundsdóttur og Laufeyju Kristjánsdóttur frá mennta- og menningarmálaráðuneyti.

c. Dagur íslenskrar tungu

Rætt var um verkefni og sýnileika Íslenskrar málefndar á degi íslenskrar tungu.

d. EFNIL-fundur

Ásgrímur Angantýsson og Ari Páll Kristinsson sátu fjarfund EFNIL (European Federation of National Institutions for Language) sem sem upphaflega stóð til að halda í Króatíu 30. september – 2. október.

e. Fundur í fullskipaðri málnefnd

Áætlað er að halda fund í fullskipaðri málnefnd í nóvember ef aðstæður leyfa en ella í janúar.

Fleira gerðist ekki; fundi slitið kl. 17:50.

Ármann Jakobsson
sign.

Ágústa Þorbergsdóttir
sign.